

Breytingartillögur

við frv. til l. um eftirlit með skipum.

Frá samgöngunefnd.

1. Í stað orðanna „mengun sjávar“ í 6. mgr. 1. gr. komi: mengun frá skipum.
2. Í stað orðanna „mengun sjávar“ í 2. mgr. 3. gr. komi: mengun frá skipum.
3. Orðin „Útgerðarmanni og“ í 1. másl. 1. mgr. 9. gr. falli brott.
4. Í stað orðanna „mengun sjávar og stranda“ í lok 1. mgr. 11. gr. komi: mengun frá skipum.
5. Á eftir orðunum „öryggi skipa“ í 1. mgr. 12. gr. komi: og varnir gegn mengun frá skipum.
6. Við 13. gr.
 - a. Í stað orðsins „einstaklingur“ í 1. másl. 4. tölul. komi: stjórn stéttarfélags.
 - b. Í stað síðari málsliðar 4. tölul. komi tveir málsliðir, svohljóðandi: Siglingastofnun er óheimilt að veita upplýsingar um það hver hafi lagt fram slíka kröfu eða kvörtun. Útgerðarmaður á þó rétt á þessum upplýsingum hafi krafa eða kvörtun reynst ástæðulaus.
7. Við 15. gr.
 - a. Á eftir orðunum „Siglingastofnunar Íslands“ í 1. mgr. komi: eða Landhelgisgæslu Íslands.
 - b. Á eftir orðunum „Siglingastofnun Íslands“ í 2. mgr. komi: og Landhelgisgæslu Íslands.
 - c. 3. mgr. orðist svo:

Siglingastofnun Íslands og Landhelgisgæsla Íslands annast eftirlit skv. 1. mgr. og gera með sér samstarfssamning um hvernig því skuli hagað.
8. Í stað orðanna „og þeirra manna sem skipinu fylgja“ í 2. mgr. 18. gr. komi: þeirra manna sem skipinu fylgja og mengunarhættu frá skipinu.
9. 1. mgr. 25. gr. orðist svo:

Verkefni farbannsnefndar er að úrskurða um gildi farbanns.
10. 1. másl. 35. gr. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004.

Prentað upp.